

2. tilgang vinnslunnar;
3. hver fær, hefur fengið eða getur fengið upplýsingar um hann;
4. hvaðan upplýsingarnar hafa komið;
5. hvaða öryggisráðstafanir eru og verði viðhafðar við vinnslu.

Hafi fjárhagsupplýsingastofan í vörslum sínum frekari upplýsingar um hinn skráða en þær sem beiðnin lýtur að er fjárhagsupplýsingastofu skylt að gera beiðanda grein fyrir þeim og jafnframt fyrir rétti hans til að kynna sér efni gagna af eigin raun.

Hinn skráði getur gert kröfu um að fá svör skv. 1.–3. mgr. frá ábyrgðaraðila, eða eftir atvikum fulltrúa hans, ef það á við, skriflega.

8. gr.

Andmælaréttur hins skráða.

Pegar hinum skráða berst frá fjárhagsupplýsingastofu viðvörðun skv. 4. gr. er honum heimilt að andmæla vinnslu slíkra upplýsinga um sjálfan sig, ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður. Beri aðili fram slík andmæli, og eigi þau rétt á sér, er fjárhagsupplýsingastofu óheimilt að miðla upplýsingunum. Berist fjárhagsupplýsingastofu slík beiðni en telji hana ekki eiga rétt á sér skal hún greina frá niðurstöðu sinni með skriflegum hætti, eigi síðar en innan 14 daga frá því beiðnin barst henni. Í synjun skal leiðbeina hinum skráða um rétt hans til að kæra synjunina til Persónuverndar innan þriggja mánaða.

IV. KAFLI

Gildistaka o.fl.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 45. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. mars 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

19. mars 2001

Nr. 247

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir jörðina Háls í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur á fundi sínum þann 13. mars 2001 samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir skógræktarlóðina Háls í Eyjafjarðarsveit. Í breytingunni felst fjölgun minni skógræktarlóða um 7 á kostnað þeirra stærri. Tillagan hefur fengið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Breytingin tekur gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

Eyjafjarðarsveit, 19. mars 2001.

F.h. sveitarstjórnar,

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.